

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Jón Pálmason, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. janúar 1955 öðlast áburðarverksmiðjan einkarétt til innflutnings á tilbúnum áburði, sem nota þarf til ræktunar á landi hér umfram þann áburð, er verksmiðjan framleiðir.

Áburðarverksmiðjan annast alla heildsölu þess áburðar, er hún framleiðir eða flytur inn. Áburðurinn skal seldur öðrum en hreppsfélögum og bæjarfélögum, búnaðarfélögum og ræktunarfélögum, samvinnufélögum og kaupmönnum.

Eignir áburðarsölu ríkisins skulu afhentar áburðarverksmiðjunni til umræða og notast sem rekstrarfé vegna nauðsynlegs innflutnings tilbúins áburðar.

Innflutningi tilbúins áburðar og sölu þess áburðar, sem inn er fluttur, skal haldið reikningslega aðgreindum frá annarri starfrækslu og viðskiptum áburðarverksmiðjunnar og rekstrarfé það, sem verksmiðjan tekur við frá áburðarsölu ríkisins, reikningsfært og ávaxtað í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955, og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 51 28. janúar 1935, um verzlun með tilbúinn áburð.

Greinargerð.

Nú, þegar þeim mikla áfanga er náð, að Áburðarverksmiðjan í Gufunesi er tekin til starfa, svo að þar verður framleidd sú tegund tilbúins áburðar, sem dýrust er og dýrmætust, köfnunarefnið, er eðlilega lokið verkefni því, sem áburðarsala ríkisins hefur haft með höndum síðan 1929.

Ekkert er eðlilegra en að áburðarverksmiðjan hafi með höndum alla heildsverzlun með tilbúinn áburð, fyrst og fremst þann áburð, sem framleiddur er í verksmiðjunni, og að hún taki enn fremur að sér að flytja inn það, sem þarf til viðbótar af öðrum tegundum tilbúins áburðar, og selja í heildsölu samhliða eigin framleiðslu.

Það fyrirkomulag, sem gert var ráð fyrir í 8. gr. laganna um áburðarverksmiðjuna, frá 23. maí 1949, hentar eigi. Það er óþarft með öllu, að áburðarsala ríkisins haldi áfram að starfa og sé verzlunarmilliliður á milli áburðarverksmiðjunnar og þeirra, sem áburðinn kaupir í heildsölu. Slíkt er aðeins óþarfur tilkostnaður, engum til gagns, en bændum til óþurftar.

Hve auðsætt og auðvelt það er, að áburðarverksmiðjan taki að sér þann innflutning tilbúins áburðar, sem nauðsynlegur er, má meðal annars sjá af því, að 1951 nam innflutningur köfnunarefnisáburðar nær 10 þúsund smálestum, en innflutningur af öðrum áburði — fosfórsýruáburði og kaliáburði — ekki nema um 5 þúsund smálestum. Verðmæti köfnunarefnisáburðarinnar nam rúmum 10 millj. kr., en annars áburðar 5.89 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að áburðarverksmiðjan framleiði 18 þúsund smálestir af köfnunarefnisáburði. Hana munar því tiltölulega lítið um að hafa með höndum innflutning fosfórsýruáburðar og kaliáburðar.

En hin þyngstu rök í þessu máli er það, hvert hagræði er fyrir bændur, að áburðarverzlunin sé öll á einni hendi í Gufunesi, þar sé hægt að fá allar tegundir áburðar afgreiddar á einum stað. Á þetta við bæði um flutning landleiðis og sjóleiðis.

Hið eina eðlilega er því, að áburði þeim, er inn er fluttur, sé skipað upp í Gufunesi og þaðan sé hann afgreiddur samhliða þeim áburði, sem þar er framleiddur. Um leið er sjálfsagt, að þessi innflutningur, framleiðsla, sala og afgreiðsla sé allt í höndum áburðarverksmiðjunnar.

Rekstrarsjóður áburðarsölu ríkisins nam 1.65 millj. kr. í árslok 1952. Auk þess á burðarsalan allmiklar aðrar eignir, þar eð hún á í raun og veru hálfu húseign þá og lóðarréttindi, sem áburðarsalan og grænmetisverzlun ríkisins nota nú í samlögum, þótt því sé svo hagað af bókfærslulegum ástæðum að telja grænmetisverzlunina eiganda eigna þessara og að áburðarsalan sé leigjandi hjá grænmetisverzluninni.

Eðlilegt er, að eignir þessar notist til að létta undir áframhaldandi innflutning tilbúins áburðar.

Eðlilegt er, að fjárreiðum varðandi innflutninginn sé haldið nokkuð aðskildum frá fjárreiðum verksmiðjunnar, enda aðeins lítið aukaómak í bókhaldi að haga því svo.

Helzt þyrfti lagabreyting þessi að ná fram að ganga á þessu þingi, ef hin umrædda breyting á að ná gildi 1. janúar 1955, svo að starfsfólk áburðarsölunnar og aðrir, er breytingin snertir, þurfi ekki að verða fyrir meiri óþægindum við, að sú stofnun leggist niður, heldur en nauðsyn krefur.